



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Menningar-, íþróttá- og tómstundaráð

Sendandi: Pálína Magnúsdóttir, borgarbókavörður

Tilraunaverkefni um samrekið almennings- og skólabókasafn á Kjalarnesi

Lagt er til að sett verði á fót samrekið almennings- og skólabókasafn í Klébergsskóla, bókakostur bókabílsins Höfðingja verði lagður til safnsins og Borgarbókasafnið og Klébergsskóli geri með sér samkomulag um bókasafnsþjónustu fyrir almenning og Klébergsskóla á Kjalarnesi. Um verði að ræða tilraunaverkefni til eins árs þar sem fyrirkomulagið verði metið og síðan tekin ákvörðun um framhaldið.

Greinargerð:

Hluti af hagræðingu Borgarbókasafns fyrir árið 2023 felur í sér niðurlagningu á rekstri bókabílsins Höfðingja.

Bíllinn hefur m.a. sinnt Kjalarnesi, sem er eitt af úthverfum borgarinnar þar sem ekki er starfrækt almenningsbókasafn á vegum Reykjavíkurborgar. Borgarbókasafnið gerði samning við Bókasafn Mosfellsbæjar árið 2000, þegar Kjalarnes sameinaðist Reykjavík, til að tryggja að íbúar Kjalarness geti nýtt sér bókasafn Mosfellsbæjar eigi þeir gilt skírteini í Reykjavík og er þessi samningur enn í gildi. Með niðurlagningu bókabílsins þurfa íbúar Kjalarness að sækja alla bókasafnsþjónustu til Mosfellsbæjar eða í önnur hverfi Reykjavíkurborgar. Þess má geta að um 15 mínútna akstur er inn í miðbæ Mosfellsbæjar frá Kjalarnesi.

Í dag er safnkostur skólasafns Klébergsskóla dreifður um skólann í „lestrarhreiðrum“ þar sem aldurssamsvarandi bækur eru staðsettar í nánd við skólastofur nemenda (hugmyndafræði John Morris)

Lagt er til að gerður verði samningur við Borgarbókasafnið um samrekstur á skóla- og almenningsbókasafni á Kjalarnesi.

Klébergsskóli útvegar skólastofu fyrir safnið sem um leið er vinnuástaða starfsmanns safnsins. Framan við stofuna er góður krókur sem nýtist vel fyrir yndislestur og lestur blaða- og tímarita. Stofan er nálægt sjálfstæðum út/inngangi við frístundaheimilið (gegnst íþróttahúsinu), það er því auðvelt fyrir foreldra að kíkja við á safninu um leið og þeir ná í börn í frístundina.

Klébergsskóli sjái um allan rekstur á húsnæðinu (orka, ræsting o.p.h.). Klébergsskóli leggi til allt að 30% af stöðugildi skólabókavaraðar í reksturinn og 200.000 kr. á ári í endurnýjun bókakosts. Skólinn verður áfram með sín „bókahreiður“ um skólann en útlán út í hreiðrin fara í gegnum safnið.

Borgarbókasafn leggur til bókakost bókabílsins Höfðingja auk þess að halda við þeim bókakosti árlega (eða á meðan tilraunaverkefni stendur). Borgarbókasafn leggur einnig til vinnu við tengingar, skráningu og frágang bóka og aðstoðar við að setja upp safnið í Klébergsskóla að nýju.

Opnunartími þyrfti að vera með þeim hætti að hann nýtist nemendum, frístundaheimili og almenningi að lágmarki 2-3 daga vikunnar. Það yrði lokað í skólafríum. Litið er á verkefnið sem tilraunaverkefni til eins árs.

Deildarstjóri Borgarbókasafnsins í Úlfarsárdal hafi umsjón með starfseminni fyrir hönd Borgarbókasafnsins. Í Úlfarsárdal er rekið samrekið almennings- og skólabókasafn og því væri það ákveðinn styrkur fyrir skólabókavörð í Klébergsskóla að geta leitað þangað eftir ráðgjöf og stuðningi.

Til viðbótar við 30% stöðu skólabókavaraðar kæmi 25% staða sérfræðings. Hugmyndin er að þetta yrði einn og sami starfsmaðurinn og væri þá hægt að ráða í 55% stöðugildi skóla- og almenningsbókavaraðar. Borgarbókasafnið sér um að ráða starfsmann í 55% stöðugildi alls og sér alfarið um hans málefni (laun, akstur, stjórnun ofl).

Viðbótarkostnaður vegna verkefnisins, fyrir utan það sem skólinn og Borgarbókasafn leggja til:

Laun og launatengd gjöld (25% viðbótarstöðugildi)	2.262.492
Annar kostnaður:	
Ýmislegt og ófyrirséð	500.000
Akstur, 1 ferð í viku, 9 mán á ári	430.000
Samtals laun og annar rekstrarkostnaður:	3.192.492
Einskiptiskostnaður: Viðbótarhillubúnaður og húsgögn	2.000.000
Alls:	5.192.492

Með kveðju

Pálína Magnúsdóttir
borgarbókavörður